

## REGLUR

### um vörpun lánsþæfismats við útreikning á eiginfjárkröfum vegna útlánaáættu og verðbréfunar.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem reikna eiginfjárkröfur vegna útlánaáættu á grundvelli staðalaðferðar í samræmi við 2. kafla, bálk II, í þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Reglurnar gilda einnig um fjármálafyrirtæki sem reikna eiginfjárkröfur fyrir verðbréfaðar stöður í samræmi við 5. kafla, bálk II, í þriðja hluta sömu reglugerðar.

#### 2. gr.

##### *Vörpun lánsþæfiseinkunna lánsþæfismatsfyrirtækja yfir í þrep útlánaættu.*

Fjármálafyrirtæki sem reiknar eiginfjárkröfur vegna útlánaáættu skal varpa lánsþæfiseinkunn frá lánsþæfismatsfyrirtæki yfir í þrep útlánaættu samkvæmt ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1799, með síðari breytingum, sbr. 3. gr.

Fjármálafyrirtæki sem reiknar eiginfjárkröfur vegna verðbréfunar skal varpa lánsþæfiseinkunn frá lánsþæfismatsfyrirtæki yfir í þrep útlánaættu samkvæmt ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1801, sbr. 3. gr.

#### 3. gr.

##### *Innleiðing reglugerða.*

Með vísan til 2. gr. gilda eftirtaldir reglugerðir hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1799 frá 7. október 2016, um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar vörpun lánsþæfiseinkunna lánsþæfismatsfyrirtækja vegna útlánaáættu í samræmi við 1. og 3. mgr. 136. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1801 frá 11. október 2016, um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar vörpun lánsþæfiseinkunna lánsþæfismatsfyrirtækja vegna verðbréfunar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/634 frá 24. apríl 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 að því er varðar vörpunartöflur sem sýna hvernig mat á útlánaáættu utanaðkomandi lánsþæfismatsfyrirtækja samsvarar lánsþæfisþæfingunum sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 77. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 388-394.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2028 frá 29. nóvember 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 að því er varðar vörpunartöflur sem sýna hvernig mat á útlánaáættu utanaðkomandi lánsþæfismatsfyrirtækja samsvarar lánsþæfisþæfingunum sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2021 frá 19. mars 2021.
5. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2005 frá 16. nóvember 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 að því er varðar vörpunartöflur sem

sýna hvernig mat á útlánaáhættu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja samsvarar lánshæfisþreppunum sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2022 frá 29. apríl 2022.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1799, 2016/1801, 2019/2028 og 2021/2005 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union):

1. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32016R1799>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 275, þann 12. október 2016, bls. 3-18;
2. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32016R1801>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 275, þann 12. október 2016, bls. 27-33;
3. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32019R2028>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 313, þann 4. desember 2019, bls. 34-40;
4. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32021R2005>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 407, þann 17. nóvember 2021, bls. 10-17.

4. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 27. og 43. tölul. 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast þegar gildi. Með gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 1087/2021 um vörpun lánshæfismats við útreikning á eiginfjárkröfum vegna útlánaáhættu og verðbréfunar.

*Seðlabanka Íslands, 7. október 2022.*

**Ásgeir Jónsson**  
seðlabankastjóri.

**Rannveig Jónúsdóttir**  
framkvæmdastjóri.